

KIRKJUGARÐARÁÐ

99. fundur haldinn 8. október 2012 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Sr. Þorvaldur Karl Helgason í fjarveru Ragnildar Benediktsdóttur, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Gunnar Bollason í fjarveru Kristínar Huldar Sigurðardóttur og ritaði hann fundargerð.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 13:00. Frestað var til næsta fundar að leggja fram og fjalla um fundargerð 98. fundar.

2. Fundur með embættismönnum innanríkisráðuneytis og bréf til innanríkisráðherra, Ögmundar Jónassonar

Þórsteinn Ragnarsson lagði fram bréf sent innanríkisráðherra, dagsett 2. október 2012, varðandi frumvarp til laga um kirkjugarða.

Fært er til bókar að Kirkjugarðaráð samþykki að ráðið staldri við og bíði eftir því að ágreiningur um málið leysist. Kirkjugarðaráð leggur til að frumvarpið verði lagt til hliðar og starfshópur myndaður sem leysi þau mál sem afgreiðsla frumvarpsins strandar á.

3. Skýrsla um friðuð minningarmörk í Kjalarnesprófastsdæmi

Gunnar Bollason kynnti bók Fornleifaverndar ríkisins um friðuð minningarmörk í Kjalarnesprófastsdæmi og hann hefur ritað.

4. BA-ritgerð Katrínar Huldar Bjarnadóttur um Húsafellslegsteina

Gunnar Bollason kynnti BA-ritgerð Katrínar Huldar Bjarnadóttur um Húsafellslegsteina. Gerðu fundarmenn góðan róm að ritgerðinni og var Gunnar beðinn um að fara þess á leit við Katrínu að gardur.is fengi að birta ritgerð hennar á vefnum.

5. Framkvæmdir við kirkjugarðana á Sauðafelli og í Miklholti

Guðmundur Rafn sagði frá framkvæmdum við kirkjugarðana á Sauðafelli og í Miklholti og sýndi myndir.

6. Könnun á kostnaðargreiningu á rekstri kirkjugarða

Þórsteinn sagði frá verkefni sem Haraldur L. Haraldsson hagfræðingur hefði verið fenginn til, en það er að gera greiningu á kostnaði á rekstri kirkjugarða.

7. Önnur mál

Fleiri mál voru ekki rædd.

Til næsta fundar, þann 12. nóvember, verður boðað með dagskrá.

Fundi slitið kl. 15:00.

Þorvaldur Karl Helgason,
f.h. formanns

Gunnar Bollason,
ritari